

AUGLÝSING

um breytingar á viðskiptasamningi við Bretland.

Hinn 23. október 1989 var 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. viðskiptasamkomulags frá 19. maí 1933 milli Íslands og Bretlands sagt upp, ásamt bókun við samkomulagið, að því er varðaði Sameinaða konungsríkið, Mön og Ermarsundseyjarnar, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 106/1933 þar sem samkomulagið er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. október 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

30. nóvember 1989

Nr. 19

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Hinn 24. nóvember 1989 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir sem undirritaður var í Helsinki 12. september 1989. Samningurinn öðlast gildi 31. desember 1989. Norðurlandasamningur frá 18. febrúar 1987 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8 og 26/ 1988, fellur úr gildi í samræmi við 31. gr. samningsins.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem æskja þess að gera samning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir,

sem gera sér ljóst að því er Færeyjar varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfstjórnarvaldsvið Færeyja, jafnvel í samskiptum við útlönd,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi: